

Dreifibréf nr. 06/2003/LS

Yfirlit um plöntulyf, örgresisefni, stýriefni og útrýmingarefni.

Óskað hefur verið eftir því að Lyfjastofnun dreifi meðfylgjandi yfirliti um plöntulyf, örgresisefni, stýriefni og útrýmingarefni nr. 19/2003 L til lyfjabúða. Eldra yfirlit nr 18/2001 L og viðbætur falla hér með úr gildi.

Í yfirlitinu kemur fram flokkun hvernar vöru í hættuflokk auk ýmissa annarra hagnýtra upplýsinga.

Lyfjastofnun minnir á að í lyfjabúðum er heimilt að selja, án sérstaks leyfis, vörur í hættuflokki C og útrýmingarefni í hættuflokki B. **Til þess að mega selja önnur efni í hættuflokki B, og efni í hættuflokkum X og A þarf að sækja um sérstaka heimild.**

Þeim sem selja eða hyggjast selja önnur efni í hættuflokki B og efni í hættuflokkum X og A, og hafa ekki aflað sér tilskilinna heimilda er bent á að sækja um heimild til Umhverfisstofnunar.

Lyfjastofnun